

Þórður Kristinsson  
mannfræðingur  
Oddi, vinnuaðstaða á 3. hæð.  
Vinnusími: 525 4578.  
Netfang: thordurk@hi.is.

# Upplifun karla á hjúkrunarnámi

Hvað stendur í vegi fyrir auknum hlut karla í hjúkrun?



JAFNRÉTTISNEFND HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík 2005

### **Markverðustu niðurstöður:**

- Viðmælendum fannst að átakið 2001-2002 skilaði sér ekki til sín.
- Námsefnið og kennslan í klásus við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands virðast ekki vera beint frekar að konum en körlum.
- Viðmælendur fundu fyrir óþægilegri athygli frá nemendum og kennurum sökum kynferðis síns.
- Viðmælendur töldu klásusinn vera sína helstu hindrun og vildu gjarnan sjá aðra inntökuleið í námið.

### **Leiðir til úrbóta:**

- Ráðist verði í nýtt átak sem beinist einungöngu að körlum.
- Komið verði á samstarfi við Atvinnumiðlun stúdenta og álíka stofnanir þar sem karlar verði sérstaklega hvattir til að vinna umönnunarstörf.
- Námsráðgjafar við Háskóla Íslands verði fengnir til samstarfs og/eða fræddir um hvernig þeir geta komið að því að auka hlut karla í hjúkrun.
- Komið verði á umræðu um jafnréttismál og stöðu karla sem minnihlutahóps í hjúkrun innan hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.
- Reyndari karlkyns hjúkrunarfræðinemar og starfandi karlkyns hjúkrunarfræðingar verði virkjaðir í e.k. stuðningshóp fyrir karla sem eru að hefja nám í hjúkrun og til kennslu strax á fyrsta misseri.
- Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands endurskoði klásus fyrirkomulag.

## **Formáli.**

Skýrslan *Upplifun karla á hjúkrunarnámi: Hvað stendur í vegi fyrir auknum hlut karla í hjúkrun?* er unnin fyrir og í samstarfi við Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Ýmsir aðilar hafa veitt þessu verkefni stuðning og kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir. Rannsóknin var styrkt af Félagsmálaráðuneyti Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Reykjavíkurborg. Þátttakendum rannsóknarinnar vil ég þakka góðar viðtökur og fyrir að hafa veitt mér trúnað og örlitla innsýn í líf sitt og aðstæður. Vil ég þakka Berglindi Rós Magnúsdóttur, Helgu Björnsdóttur og Hólmfríði Garðarsdóttur fyrir yfirlestur skýrslunnar og Guðrínu V. Bóasdóttur fyrir ómetanlega hjálp við að leysa gátuna um ósamræmi í skráningartölum.

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>1</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>2</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>Kenningar</b> .....	<b>4</b>
Kynin og námsval .....	4
Kynin og námstækni .....	6
<b>Aðferðarfræði</b> .....	<b>9</b>
Viðtöl – eigindleg aðferð .....	10
Þátttakendur .....	12
<i>Enn í námi</i> .....	13
<i>Komust ekki í gegnum klásus</i> .....	13
<i>Hættu eftir stutta viðdvöl</i> .....	14
<i>Mættu ekki í kennslu</i> .....	15
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>15</b>
Ástæður fyrir því að þeir skráðu sig í námið .....	16
<i>Ákvörðunartökuferlið inn í námið</i> .....	16
<i>Átakið</i> .....	18
<i>Fyrirmyndir</i> .....	20
Hindranir fyrir því að halda náminu til streitu .....	22
<i>Fordómar gagnvart starfinu</i> .....	22
<i>Einn í hópi kvenna</i> .....	23
<i>Jákvæð og neikvæð athygli</i> .....	24
<i>Klásus</i> .....	26
<b>Umræða</b> .....	<b>29</b>
Nýtt átak sem beint verði að körlum.....	29
Karlar í umönnunarsumarstörf.....	30
Áherslubreytingar innan hjúkrunarfræðideildar .....	30
Umræða um samskipti kynjanna innan hjúkrunarfræðideildar.....	31
Fyrirmyndir karla í hjúkrunarnámi .....	31
<b>Lokaorð</b> .....	<b>33</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>34</b>

## Inngangur

Af öllum námsgreinum við Háskóla Íslands er hjúkrunarfræði sú námsgrein þar sem kynjahlutfallið er ójafnast. Á meðan konur hafa í auknum mæli valið sér námsgreinar sem alla jafnan hafa verið kallaðar „karlagreinar“, hafa karlar að sama skapi ekki sótt í svokallaðar „kvennagreinar“. Háskóli Íslands hefur staðið fyrir átaksverkefnum sem miða að því að jafna kynjahlutfall í þeim greinum þar sem það hefur verið hvað ójafnast. Tveggja ára átak sem hleypt var af stokkunum haustið 2001 beindist að því að fá fleiri karla í hjúkrun. Í áttakinu fólst m.a. auglýsingaherferð og kynningar í menntaskólum. Átakið skilaði sér m.a. í því að árið eftir skráðu mun fleiri karlar sig í hjúkrunarnám en nokkur tíma fyrr. Sá fjöldi skilaði sér aftur á móti ekki yfir á annað ár. Markmið þessara skýrslu er að varpa ljósi á hvað aftrar því að karlar sem skrá sig í hjúkrunarnám haldist í námi.

Í þessari skýrslu eru settar fram niðurstöður eigindlegrar rannsóknar sem byggist á viðtölum við 10 karla sem hafa skráð sig til náms í hjúkrun við Háskóla Íslands seinustu 3 árum. Skýrslan skiptist í fjóra meginhluta auk inngangs. Í fyrsta hlutanum verður gerð grein fyrir þeim ástæðum sem er taldar útskýra hversvegna konur og karlar fara mismunandi leiðir í námi sínu. Þar verður litið á skrif um kynbundið námsval og ólíka námstækni kynjanna. Í öðrum hlutanum verður farið yfir aðferðarfræði rannsóknarinnar, hvaða forsendur liggja að baki hennar, framkvæmd hennar og kynning á þátttakendum. Í þriðja hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Í fjórða hluta skýrslunnar eru niðurstöður ræddar og kynntar tillögur að úrbótum.

## **Kenningar**

Margir þeirra sem hafa látið jafnrétti kynjanna í skólaumhverfinu sig varða hafa rannsakað kynbundið námsval og ólíka námstækni kynjanna. Hér verður gerð grein fyrir helstu ástæðum sem hafa verið dregnar fram til útskýringar á mismunandi námsvali og námstækni kvenna og karla. Sérstaklega verður litið á rannsóknir sem beinast að körlum í hjúkrunarnámi í þessu samhengi.

### ***Kynin og námsval***

Konur eru 63% nemenda við Háskóla Íslands (Háskóli Íslands 2005a). Engu að síður er hlutfall þeirra mjög mismunandi milli deilda, t.a.m. eru þær 28% þeirra sem stunda nám við verkfræðideild skólans en 73% þeirra sem stunda nám við félagsvísindadeild. Hvergi er hlutfall kvenna jafn hátt og í hjúkrunarfræðideild þar sem 97% nemenda eru konur (ibid). Frá skráningartölum Háskóla Íslands má glöggst sjá að á tímabilinu 1980 til 2005 hafa konur sótt í sífellt meira mæli inn á þau svið sem öllu jafnan hafa verið talin hefðbundin karlasvið. Á sama tímabili hefur ásókn karla í hin hefðbundnu kvennafög ekki aukist að sama skapi (Háskóli Íslands 2005a, 2005b, 2005c; Þórður Kristinsson og Jörundur Guðmundsson 2004:4).

Háskóli Íslands stóð fyrir átaki skólaárið 2001 til 2002 sem miðaði að auknum hlut kvenna í verkfræði og tölvunarfræði (Háskóli Íslands 2005d) og tók þátt í átaki til að auka hlut karla í hjúkrunarfræði (Herdís Sveinsdóttir 2003:10-11). Þessar áherslur eru í takt við þær áherslur sem tíðkast víðsvegar í Evrópu, Ástralíu og Bandaríkjunum (European Commission 2000; Iliffe 2002; Domrose 2003). Viljinn til að auka hlut karla í hjúkrun byggist ekki eingöngu á því að nauðsynlegt sé að sjónarhorn beggja kynja séu til staðar innan fagstéttarinnar heldur sú staðreynd að skortur er á hjúkrunarfræðingum. Hjúkrunarstéttin hefur hingað til getað reitt sig á að viss fjöldi kvenna sæki í starfið en síðustu ár hefur það breyst og því er orðið nauðsynlegt að virkja karla inn í starfstéttina, en þeir hafa verið nær ónýttur vinnukraftur þar á bæ (Steinunn Sigurðardóttir o.fl. 1999).

Nokkrir þættir hafa áhrif á þá þróun að konur sækja nú síður í hjúkrun en áður og vegur þar þungt sú virðing sem fólk ber til starfsins en þar kemur til sögunnar sú áhersla sem hefur verið lögð á mikilvægi starfa sem talið eru tengjast körlum fram yfir þau sem talin eru tengjast konum. Til að útskýra þetta nánar er handhægt að leita í kenningaramma félagsvísindamannins Pierre Bourdieu (2001). Í riti sínu *Masculine Domination* hefur Bourdieu fjallað um það hvernig karlar og það sem tengist þeim er yfirleitt sett skör hærra í virðingarstiganum en það sem tengist konum. Hann hefur bent á það hvernig konur geta tekið upp karlkennda þætti sér til framdráttar í samfélaginu, þrátt fyrir að það sé þeim í raun ómögulegt að ná sömu virðingarstöðu og karlar. Karlar hafa aftur á móti ekki sama ávinning af því að taka upp kvenkennda þætti (Bourdieu 2001).

Samkvæmt Robert Connell (1995) eru til mismunandi gerðir karlmennsku og hefur hann skoðað hvernig karlar virðast raða sér í virðingarstöður eftir því hvaða karlmennskuhugmyndir þeir sækja í. Yfirburðarstaða karla í samfélaginu er undir því komin að karlar beygi sig undir það sem hann kallar *hina ráðandi karlmennsku* (e. hegemonic masculinity). Ef karlmaður kys að hunsa hina ráðandi karlmennsku, til dæmis með því að fara í kvennastarf eins og hjúkrun, er hætta á að karlmennska hans verði dregin í efa. Connell heldur því fram að raða megi þeim gerðum sem til eru af karlmennsku í píramída eftir valdastöðu. Neðarlega í þeim píramída eru undirokaðar gerðir karlmennsku en Connell setur fram langan lista af niðrandi nöfnum yfir karla sem flokkast í undirokaða hópinn og eru þau flest táknrænt tengd kvenleika (ibid:79). Samkynhneigðir karlar eru samkvæmt Connell settir neðst í valdastiga karlmenskunnar. Hann segir að í hugmyndafræði feðraveldisins sé samkynhneigð tengd öllu því sem ráðandi karlmennska afneitar. Þannig er samkynhneigð tengd kvenleika (ibid:78).

Í samræmi við kenningar Connells og Bourdieu er auðskilið hversvegna karlar stunda frekar nám í greinum sem ekki tengjast kvenleika í huga fólks þar sem þær njóta ekki sömu virðingar. Karlar sækja því frekar í raungreinar og aðrar svokallaðar „karlagreinar“ sem almennt njóta meiri virðingar og eru betur borgaðar en hefðbundnar „kvennagreinar“. Þessar svokölluðu karlagreinar eru gjarnan tengdar stærðfræði og rökhusun meðan hinar svokölluðu kvennagreinar tengjast umönnun og uppeldi eins og hjúkrun og kennslu (European Commission 2000).

Þrátt fyrir tilhneigingu karla til að fara í karltengdar greinar eru þó alltaf nokkrir sem skera sig úr og fara í fög eins og hjúkrunarfræði. Hlutfall karla í hjúkrun er mun minna á Íslandi en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við (WENR 2001)<sup>1</sup>. Í átakinu frá 2001-2002 sem miðaði að því að auka ásókn í hjúkrunarfræðinám og koma á framfæri jákvæðri ímynd af hjúkrun var sérstaklega reynt var að láta hjúkrun höfða til karla. Það átak skilaði heilmikilli aðsókn bæði karla og kvenna í námið (Erla Kolbrún Svavarsdóttir 2003). Sá fjöldi karla sem skráði sig um haustið skilaði sér aftur á móti ekki í gegnum klásus. Þessi reynsla er í samræmi við reynslu erlendis frá þar sem sambærilegar átaksáðgerðir hafa átt sér stað vegna þess að karlar eru mun líklegri til að hverfa frá hjúkrunarnámi en konur (sjá t.a.m. Brady og Sherrod 2003). Sú rannsókn sem gert verður grein frá hér á eftir tekur mið af rannsóknum hafa verið gerðar á brottfalli karla úr hjúkrunarnámi frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada<sup>2</sup>.

Rétt er að áréttu að þau atriði sem helst eru talin hindra framgöngu karla í hjúkrunarfræðinámi eru; ónægar upplýsingar og ónógur stuðningur frá námsráðgjöfum, of mikil áhersla á feminíska nálgun í kennslu, skortur á karlkyns fyrirmyndum í kennslu, ójöfn tækifæri til að spreyta sig í klínísku námi, mismunandi væntingar í klínísku námi, einangrun frá samnemendum, hræðsla við „of nán samskipti“ við sjúklinga, skortur á fræðslu eða umræðu um samskipti kynjanna og skortur á kennsluáðferðum sem höfða frekar til karla (Dunn og Griggs 1998a, 1998b; Kelly ofl. 1996; Okrainec 1994; Paterson ofl. 1996; Streubert 1994; Villeneuve 1994, Barkley og Kohler 1992; Kippenbrock 1990). Allar þessar ástæður voru hafðar í huga í rannsókninni sem hér er gerð grein fyrir og svör viðmælenda borin saman við þær.

### ***Kynin og námstækni***

Í Bandaríkjunum hafa verið færð rök fyrir því að skortur karla í hjúkrunarfræðum hafi orðið til þess að þar mótaðist námskrá sem er frekar sniðin að konum og kvenlægum gildum (Villeneuve 1994). Enn fremur hefur verið bent á að meirihluti kennara og

---

<sup>1</sup> Karlar voru t.a.m. um 9% allra hjúkrunarfræðinga í Bretlandi, 7% í Svíþjóð, 17% í Þýskalandi og 20% á Ítalíu árið 2001 (WENR 2001).

<sup>2</sup> Höfundur ákvað að halda sig við enskumælandi lönd þar sem auðveldast reyndist að hafa aðgang að gögnum frá þeim löndum. Áhugavert væri að skoða sambærilegar rannsóknir á Norðurlöndunum.



leiðbeinenda séu konur, námsbækurnar séu frekar skrifaðar af konum og þeir sem semja prófin séu konur. Röksemdafærslan er sú að vegna þess að námið er allt skipulagt og framkvæmt af konum þá eigi karlkyns nemendur erfiðara með að finna sig í náminu og tengjast námsefninu en kvenkyns nemendur. Þessi rök virðast ekki eiga við þegar litið er á skyldufög fyrsta misseris við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands þar sem kynjahlutfall kennara er jafnt og höfundar kennslubókanna eru frekar karlkyns en kvenkyns. Þess ber þó að geta að nemendurnir kynnast ekki hjúkrunarfræðimenntuðum karlmanni í gegnum námið fyrr en eftir klásus.

Margt og mikið hefur verið ritað um mismunandi námstækni kynjanna og hvernig sífellt þurfi að laga kennslufræðina og hönnun námsbrauta að ólíkri félagsmótun kynjanna. Yfirleitt hefur þessi umræða snúið að rýrum hlut kvenna í raungreinum eins og þekkt skrif vísindasagnfræðingsins Londu Schiebinger (1999) um *Trektina* (e. The Pipeline). Í þeim skrifum kemur fram að ekki sé nóg að fjölga konum í vísindum eins og þeim sé dælt í gegnum trekk í umrædd greinar heldur þurfi að líta á vandann sem innbyggðan í framsetningu námsins.

Kenningin um námstækni (e. Learning Style Theory) eins og hún er sett fram af Dunn og Griggs (1998a, 1998b) enduróma skrif Schiebinger að mörgu leiti fyrir utan það að Dunn og Griggs leggja mun meiri áherslu á að námstækni fólks sé byggð að mestu leiti á líffræðilegum grunni auk þess að mótast að einhverju leiti af uppeldi. Samkvæmt þessum skrifum eiga karlar almennt erfiðara en konur með að læra í hinu hefðbundna kennsluumhverfi sem byggist á fyrirlestrum. Þeir eru sammála Schiebinger sem heldur því fram að heimspekilegri nálgun í náttúrufræði og raungreinakennslu eins og til dæmis heimspeki vísinda eða vísindasaga henti konum mjög vel á meðan strákar nálgist efnið frekar út frá því að spreyta sig á verkefnum (e. hands on approach).

Þrátt fyrir að Dunn og Griggs (1998a, 1998b) nálgist mismunandi námstækni kynjanna frá ívið líffræðilegra mótaðri sýn en Schiebinger (1999) eru þau öll sammála um að til séu einstaklingar sem falla betur að námstækni sem er öllu jafnan talin henta betur hinu kyninu. Út frá þessum skrifum má færa jafnréttisrök fyrir því að leggja meiri áherslu á fjölbætta nálgun í kennslu og er þá til að mynda hægt að benda á vinsælar kenningar Howards Gardner (1999) um fjölgreind og kennsluaðferðir sem miðast að því

að höfða til sem flestra greindartegunda<sup>3</sup>. Þar með væri hægt að koma til móts við bæði konur og karla og námstækni ólíkra einstaklinga í öllum greinum á öllum skólastigum.

---

<sup>3</sup> Einnig má benda á uppástungur fyrir kennsluaðferðir byggðar á fjölgreindarkenningunni í **Fjölgreindir í skólastofunni** eftir Thomas Armstrong (2001).

## Aðferðarfræði

Rannsókn þessi byggist á viðtölum við 10 karla sem skráðu sig í hjúkrunarnám við Háskóla Íslands á árunum 2002 til 2004. Viðtölin voru tekin með eigindlegri rannsóknaraðferð en sú aðferð þykir heppileg þegar markmið rannsóknarinnar er að öðlast aukna innsýn og skilning á reynslu og upplifun fólks. Forsendur eigindlegra rannsókna byggja á fyrirbærafræðilegum (e. phenomenological) þekkingargrunni. Samkvæmt honum er veruleikinn félagslega skapaður. Hlutverk þeirra sem starfa innan hefðar fyrirbærafræðinnar er því að skoða hvernig fólk skapar félagslegan veruleika sinn (Taylor og Bogdan 1998:10-11). Takmarkið með eigindlegum rannsóknum er því ekki að bregða upp mynd af skoðunum fjölmargra eða alhæfa yfir á stærri hóp heldur að reyna að skilja hvaða augum fólkið sem tekur þátt í rannsókninni lítur reynsluheim sinn og á hvern hátt það lýsir honum. Öllu jafnan er alhæfingargildi eigindlegrar rannsóknar yfir á stærri hóp lítið en engu að síður geta niðurstöður úr rannsóknum af þessu tagi gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu. Með því að fylgjast með fólki í sínu daglega amstri og hlusta á hvað það hefur að segja, nær rannsakandinn að nálgast þekkingu án milliliða og fyrirframgefinna svarmöguleika. Þannig er réttmæti eigindlegra gagna talið einstaklega gott (ibid:9).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir geta varpað ljósi á ýmsa fleti viðfangsefnisins sem reynast vandséðir með öðrum rannsóknaraðferðum (Posavac og Carey 1997). Einnig henta þær mjög vel til að auka skilning á hvað það er sem liggur að baki upplifunum fólks (Webb 1999). Þá nýtast slíkar rannsóknaraðferðir einnig vel við stefnumótun, því þær birta skoðanir þeirra sem stefnan beinist að og gefa viðmælendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (McCamley-Finney og McFadden 1999). Markmiðið með eigindlegri rannsókn er að kynnast sýn viðmælenda á eigið líf og að heyra reynslu þeirra, í þessu tilviki, af hjúkrunarnáminu.

## **Viðtöl – eigindleg aðferð**

Innan eigindlegrar rannsóknarhefðar eru opin viðtöl<sup>4</sup> notuð sem aðferð til gagnasöfnunar og viðmælendum er gefinn kostur á að tjá skoðanir sínar og reynslu án þess að stuðst sé við fyrirfram ákveðinn spurningalista með gefnum svarmöguleikum. Í viðtölunum í þessari rannsókn var lauslega stuðst við lista með fyrirfram ákveðnum spurningum. Listinn var þó ekki hafður uppi við í viðtölunum heldur yfirfarinn í byrjun og í lok viðtals bæði til að minna á þau meginatriði sem ætlunin var að spyrja um og til að halda viðtölunum að einhverju leyti sambærilegum. Þegar ástæða þótti til var skotið inn spurningum sem ekki voru á listanum og stundum var spurt nánar út í það sem sagt var frá.

Viðtölin tóku því á sig mynd óformlegs samtals frekar en formlegs viðtals. Hér er unnið úr 10 viðtölum sem flest voru um rúmlega klukkustund að lengd. Viðtölin voru tekin í desember árið 2004, janúar, febrúar og mars árið 2005 og fóru ýmist fram á heimili viðmælenda eða í viðtalsrými sem rannsakandi hefur aðgang að á háskólasvæðinu.

Viðmælendur voru 10 talsins, allt karlar sem hafa skráð sig í nám við hjúkrun við Háskóla Íslands á seinustu 3 árum. Þegar litið er nánar á þá karla sem rannsóknin beinist að kemur í ljós að í raun er um að ræða fjóra undirhópa. Fyrsti hópurinn eru þeir tveir karlar sem skráðu sig í námið en hófu það aldrei. Annar hópurinn samanstendur af þeim tveimur sem skráðu sig í námið og mættu í nokkra tíma og tóku þá ákvörðun um að hætta. Í þriðja hópnum eru síðan þeir þrír karlar sem tóku klásus prófin en náðu ekki í gegn á annað ár. Auk þess að ræða við karla sem tilheyra þessum þremur hópum var rætt við fjórða hópinn sem telur þrjá karla sem komust í gegnum klásus á þessum þremur árum sem rannsóknin nær til. Nánari kynningu á hverjum viðmælenda fyrir sig má finna í kaflanum hér að aftan um þátttakendur.

Karlar skráðir í hjúkrunarnám á árunum 2002-2004 eru fáir. Þegar viðtöl við þá voru komin nokkuð á veg kom í ljós að þeir eru afskaplega ólíkir einstaklingar. Til að gæta nafnleyndar og trúnaðar við alla viðmælendur er ekki einungis nöfnum þeirra breytt heldur er líka búið að breyta öðrum auðrekjanlegum þáttum, svo sem starfsheitum. Við val á þátttakendum studdist ég við lista frá nemendaskrá Háskóla Íslands. Þegar í ljós

---

<sup>4</sup> Einnig kallað djúpvíðtöl eða eigindleg viðtöl.

kom að hann reyndist ófullnægjandi vegna skráningaraðferða<sup>5</sup> notaði ég tengslaaðferð sem fólst í því að ég bað samstarfsfélaga, vini og kunningja að benda mér á mögulega viðmælendur. Sú leit reyndist ekki erfið. Ég hafði samband við viðmælendur í síma og lét strax vita að fyllsta trúnaðar yrði gætt og að nöfnum yrði breytt sem og öðru sem gæfi til kynna hverjir þeir væru. Viðmælendurna þekkti ég ekki áður.

Mis góð en ágæt tengsl sköpuðust við viðmælendur sem trúðu mér gjarnan fyrir persónulegri reynslu af hjúkrunarnáminu. Tvisvar kom það fyrir að mér var trúað fyrir reynslu sem viðmælendurnir báðu um að yrðu ekki höfð eftir þeim.<sup>6</sup>

Til að auðvelda skráningu gagnanna tók ég átta viðtöl upp á segulbandsspólur og tvö á stafrænt upptökutæki. Upptakan fór fram með samþykki viðmælenda þar sem þeim var gerð grein fyrir trúnaði og hvernig gögnin yrðu notuð. Þetta ferli var jafnframt tekið upp. Viðtölin færði ég svo yfir á ritað mál strax að loknu viðtali. Öllum nöfnum var breytt við afritun sem og stöðum og öðru sem hægt væri að rekja til viðmælenda.

Rituðu gögnin voru síðan marglesin þar sem leitað var eftir mynstrum sem mynda heildarmynd viðhorfa viðmælenda en jafnframt fá einstakar athugasemdir að njóta sín sem og persónulegar upplifanir. Hér eins og í rannsóknum unnum innan eigindlegar rannsóknarhefðar er stuðst við aðferðir sem byggðja á aðleiðslu (e. inductive methods) við greiningu á rannsóknarefninu. Í því felst að þrátt fyrir að rannsakandinn geri sér í hugarlund hverjar niðurstöðurnar kunna að verða, verður hann að skoða gögnin sem hann safnar, finna mynstur og leyfa þeim að mynda niðurstöðurnar. Þannig er reynt að sníða kenningar eftir gögnunum en ekki öfugt (Taylor og Bogdan 1998:7-8).

Gagnagreining var hafin áður en gagnasöfnun var lokið. Gögnin voru greind, fyrst með opinni kóðun þar sem leitað var eftir mynstrum í gögnunum en síðar með lokaðri kóðun þar sem leitað var sérstaklega eftir því sem tengdist helstu umfjöllunarefnum sem blöstu við. Þessi nánari greining gagnanna fólst í því að leitað var að beinum lýsingum viðmælendanna á þeim atriðum sem vöktu sérstaka athygli. Að lokum var gögnunum raðað saman og sett upp þannig að þau mynduðu eftirfarandi kafla skýrslunnar.

---

<sup>5</sup> Fjöldatölur sem eru til hjá nemendaskráningu fela í sér upplýsingar um þá nemendur sem eru skráðir í námið frá og með 20. október hvers árs en þá eru ekki tekið tillit til þeirra sem hafa sagt sig úr námi fyrir þann tíma.

<sup>6</sup> Í upphafi rannsóknarinnar var stefnt að því að hafa rýnihópa sem meginburðarás en horfið var frá því eftir fyrstu tilraun. Reyndist efnið þess eðlis að viðmælendur voru vænlegri til þess að tjá sig frjállega um það í einstaklingsviðtölum.

Þessi rannsókn, líkt og aðrar rannsóknir sem byggja á eigindlegum gögnum, hefur mótast og orðið til vegna góðvilja og hjálpsemi þeirra sem veittu viðtöl. Ljóst er að ákveðin ábyrgð hvílir á rannsakanda við að koma sjónarmiðum þeirra á framfæri svo vel fari. Viðmælendurnir hafa því í raun falið rannsakandanum það hlutverk að breyta töluðu orði í texta og gera því skil. Niðurstöður rannsóknarinnar eru því alfarið á ábyrgð höfundar skýrslunnar.

### **Þátttakendur**

Alls voru 10 karlar þátttakendur í rannsókninni. Þeir eru á milli tvítugs og þrítugs og eiga það sameiginlegt að hafa skráð sig í hjúkrunarnám við Háskóla Íslands á tímabilinu 2002 til 2004. Þeir skiptast í fjóra hópa þar sem þrír eru enn við nám í hjúkrunarfræði, þrír hófu nám en náðu ekki klásus, tveir mættu í nokkrar kennslustundir en hættu og tveir skráðu sig í námið en hættu án þess að hafa mætt í tíma. Til að gefa mynd af þátttakendum rannsóknarinnar fer hér á eftir stutt kynning á þeim. Í frásögninni hér á eftir hefur öllum nöfnum og sumum staðháttum verið breytt til að gæta trúnaðar við þátttakendur og til að koma í veg fyrir að hægt sé að rekja upplýsingar til þeirra.

Allir viðmælendur mínir eiga það sameiginlegt að annað eða báðir foreldrar hafa farið í framhaldsnám og allir nema einn á nákominn ættingja eða fjölskylduvin sem er hjúkrunarfræðingur, læknir eða sjúkraliði. Einn þeirra kemur af landsbyggðinni en aðrir eru frá stór-Reykjavíkursvæðinu. Sjö af viðmælendum mínum eru í sambúð eða giftir og þar af hafa þrír stofnað fjölskyldu. Þrír karlanna búa hjá foreldrum sínum. Allir þátttakendur rannsóknarinnar eiga það sameiginlegt að hafa starfað við einhverskonar umönnunarstörf áður en þeir skrá sig til náms í hjúkrunarfræði.

Viðmælendur mínir eiga mismunandi skólagöngu að baki. Átta koma úr fjölbrautarkerfi en tveir úr bekkjarkerfi. Ýmist útskrifast þeir af félagsfræðibraut eða náttúrufræðibraut fyrir utan einn sem útskrifaðist af tungumálabraut. Ekki virðist vera nein sérstök tenging á milli þess hvaða braut þeir völdu sér í menntaskóla og því hvernig þeim vegnar í hjúkrunarfræði. Þá virðist heldur ekki skipta miklu máli fyrir gengi þeirra í klásus hversu vel þeir stóðu sig í menntaskólanámi.

Hér fyrir neðan er stutt kynning á hverjum þátttakanda rannsóknarinnar fyrir sig og er þeim raðað upp í fjóra hópa eftir því hversu langt þeir náðu í hjúkrunarfræðinámi.

### ***Enn í námi***

Í þessum hópi eru þrír karlar sem komust í gegnum klásus einhverntíma á seinustu 3 árum.

**Kári Kjartansson** hefur flakkað víða um heiminn. Eftir að Kári fór til Noregs og unnið á elliheimili hreifst hann mjög af því starfsumhverfi. Hann ætlaði sér að fara í lögfræði en eftir að hafa kynnt sér það nám nánar komst hann að þeirri niðurstöðu að það höfðaði ekki til hans. Í nánasta umhverfi hans er hjúkrunarfræðingur sem hafði hvatt hann til að fara í hjúkrun en lengi vel tók Kári því frekar sem gríni en alvöru. Við nánari athugun sá Kári að hjúkrunarpróf veitir tækifæri til ferðalaga og þá kviknaði sú hugmynd að hann gæti látið gott af sér leiða á stríðshráðum svæðum sem hjúkrunarfræðingur. Það sem réði úrslitum var að kærasta hans var mjög hrifin af hugmyndinni um að eiga kærasta í hjúkrun.

**Pétur Bjarnason** ætlaði sér í sálfræðinámi og fór að vinna með fötluðum til þess að öðlast reynslu fyrir námið. Hann eignaðist síðan fjölskyldu og fjarlægðist sálfræðinámið meira og meira á meðan starfið með fötluðum virtist eiga sífellt betur við hann. Eftir að hafa farið með skjólstæðing á slysavarsstofu rann upp fyrir honum að þar vildi hann vinna.

**Ægir Garðarsson** ætlaði einnig í sálfræðinámi og fór í kjölfarið að vinna með geðfötluðum til þess að undirbúa frama sinn þar. Þar komst hann fljótlega að því að hjúkrun ætti ef til vill betur við hann en sálfræði.

### ***Komust ekki í gegnum klásus***

Í þessum hópi eru þeir þrír viðmælenda sem sóttu nám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands í eitt misseri og tóku prófin en náðu ekki að vera meðal 75 efstu sem komust áfram á næsta ár.

**Héðinn Jóhannsson** langaði eftir framhaldsskóla að gera eitthvað gagnlegt. Hann fór því að vinna á stofnun fyrir aldraða. Eftir að hafa unnið þar í eitt ár sá hann að hjúkrun væri nokkuð sem hann vildi leggja fyrir sig. Hann ræddi við marga hjúkrunarfræðinga um kosti og galla fagsins og lagði af stað í námið að vel ígrunduðu máli. Hann er ennþá að vinna á öldrunarstofnuninni.

**Jón Freyr Halldórsson** ætlaði að leggja kennaranám fyrir sig en eftir að hafa kynnst starfi hjúkrunarfræðinga á stofnun fyrir geðfatlaða áttaði hann sig á að hjúkrun væri starf sem hentaði honum vel. Hann var smeikur við klásusinn og fór því frekar í félagsfræði. Hjúkrunarstarfið freistaði hans þó það mikið að ári síðar lét hann slag standa en uppskar ekki árangur erfiðis. Hann hóf aftur nám við klásus að ári en hætti þegar stutt var liðið á misserið. Jón Freyr er við nám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

**Lárus Reynisson** hefur verið í hjálparsveit og unnið á sambýli fyrir fatlaða. Eftir að hafa fengið diplómu í ferðamálafræðum ákvað hann að fara í læknisfræði en komst ekki í gegnum klásus þar. Þá fékk hann vinnu á stofnun fyrir langveik börn og fann að hann gat vel hugsað sér að vera hjúkrunarfræðingur. Hann talaði við bæði karl- og kvenkyns hjúkrunarfræðinga og áttaði sig á hversu notadrjúgt hjúkrunarnám getur verið og að hjúkrun ætti ef til vill betur við hann en læknisfræði. Hann hefur tvisvar reynt við námið en komst ekki í gegnum klásus í fyrra skiptið og í síðara skiptið þurfti hann að hætta vegna veikinda. Nú leggur hann stund á nám við raunvísindadeild Háskóla Íslands.

### ***Hættu eftir stutta viðvöl***

Í þessum hóp eru þeir sem skráðu sig í námið og mættu í nokkrar kennslustundir en hættu fljótlega námi.

**Grétar Baldursson** bjó nokkur ár í Þýskalandi og vann þar við ýmis störf sem tengdust umönnun og ákvað að láta reyna á hjúkrunarnámið eftir að hann snéri aftur til Íslands. Hann hvarf frá náminu eftir fyrstu tvær vikurnar þar sem hann taldi það ekki henta sér. Nú vinnur hann við verslunarstörf.



**Prándur Sigurðsson** hefur unnið með framhaldsskólanámi og í sumarstörfum á sambylí fyrir fatlaða. Hann ætlaði að leggja stund á tónlist en taldi ráðlegt að útvega sér einhverja aðra menntun meðfram tónlistarnáminu. Hann taldi að hjúkrunarfræði gæti gagnast sér vel en skráði sig úr náminu eftir fyrstu vikuna. Hann er nú við nám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

### ***Mættu ekki í kennslu***

Peir sem tilheyra þessum hóp skráðu sig í hjúkrunarfræðinámið en hófu aldrei nám.

**Kolbeinn Sigurjónsson** er umvafinn kvenkyns hjúkrunarfræðingum og karlkyns læknum í fjölskyldunni. Hann hafði kynnst hjúkrun í gegnum fjölskyldumeðlimi og prófað umönnunarstarf sem sjálfboðaliði á vegum skóla sem hann gekk í meðan hann var skiptinemi. Hann reyndi að komast í læknisfræði við Háskóla Íslands en náði ekki inntökuprófi. Hann ákvað í kjölfarið að skrá sig í hjúkrun. Sama dag og kennsla hófst skráði hann sig úr hjúkrunarfræðináminu og hóf þess í stað í nám við raunvísindadeild Háskóla Íslands.

**Helgi Frans Hjálmarsson** stefndi á bókmenntafræði við Háskóla Íslands en eftir að hafa unnið eitt sumar við umönnunarstarf, eftir að menntaskóla lauk, ákvað hann að starf hjúkrunarfræðings gæti hentað honum vel. Hann fékk bakþanka stuttu áður en kennsla hófst og ákvað að fara frekar í nám við hugvísindadeild.

## **Niðurstöður**

Eftirfarandi er að finna samantekt á helstu umræðuþáttum sem komu fram í viðtölunum. Fyrst eru skoðaðar þær ástæður sem leiddu viðmælendur mína að hjúkrunarnáminu og á hvaða máta þeim finnst þeir koma að náminu út frá öðrum forsendum en kvenkyns samnemendur þeirra. Þá verður í þessu samhengi sérstaklega tekin fyrir upplifun þeirra af átaki sem farið var í af deildinni árin 2002 til 2003 og beindist að því að fjölga nemendum í hjúkrun og átti að höfða sérstaklega til karla.

Síðan verður litið á þá þætti sem viðmælendur lögðu sérstaklega áherslu á sem hindranir fyrir í því að stunda hjúkrunarfræðinámið. Sá hluti skiptist í þrjú megin þemu.

Fyrsta þemað tengist fordómum sem þeir verða varir við gagnvart faginu frá fólki í kringum þá og þeim sjálfum. Annað þemað tengist upplifun þeirra af því að skera sig úr nemendahópnum. Þriðja þemað tengist atriðum sem má rekja til uppbyggingar hjúkrunarnámsins, áherslunni á klásus og kennsluaðferðum.

### ***Ástæður fyrir því að þeir skráðu sig í námið***

Karlkyns hjúkrunarfræðingar lýsa oft ákvörðunarferlinu sem leiddi þá í hjúkrunarnám frá hugsjónaviðmiðum, praktískum atriðum sem höfðu til þeirra eða blöndu af þessu tvennu (Þórður Kristinsson 2003:53). Viðmælendur rannsóknarinnar hafa svipaða sögu að segja en við bætist að þeir hafi reynslu af umönnunarstörfum og hafa orðið fyrir áhrifum frá karlkyns fyrirmyndum innan stéttarinnar sem borið hefur á í umhverfi þeirra.

### ***Ákvörðunartökferlið inn í námið***

Karlarnir sem tóku þátt í rannsókninni útskýra skráningu sína í námið út frá mismunandi ástæðum. Allir höfðu reynslu af umönnunarstörfum og höfðu melt ákvörðunina um að skrá sig í námið vel og lengi. Yfirleitt byrjar reynsla þeirra á umönnunarstörfum með tímabundnu sumarstarfi sem þeir fá í gegnum vinnumiðlun eða þá að þeir sækja sérstaklega í þau til að afla sér reynslu og undirbúnings fyrir framtíðarstarf eða annað nám en hjúkrun.<sup>7</sup> Fyrir marga þeirra eru störfin eitthvað sem þeir finna sig í eftir stutta reynslu og fara upp úr því að skoða möguleikana á námi í hjúkrun. Þeir segja sjálfir frá því hvernig hugmyndin um að hjúkrun gæti hentað þeim kviknar í gegnum starfið og þá ekki síst fyrir hvatningu starfsfélaga og skjólstæðinga. Sex þeirra nefna sérstaklega góða hvatningu frá foreldrum, vinum eða mökum sem ýtti undir að þeir íhuguðu nánar þennan starfsvettvang.

Þrír viðmælenda nefndu að ástæðan fyrir því að þeir kusu umönnunarstarf hafi fyrst og fremst verið sú hugsjón að þeir vildu leggja eitthvað af mörkum með lífi sínu og að þeirra mati var hjúkrun leið til þess. Yfirleitt nefna þeir einhvers konar blöndu af

---

<sup>7</sup> Í þremur tilfellum er um að ræða undirbúning undir sálfræðinám.

hugsjónum og hagkvæmum ástæðum. Þó að reynsla af umönnunarstarfi hafi mikil áhrif á skráningu í námið eru margir aðrir áhrifaþættir ræður þó úrslitum.

Karlarnir sem rætt var við höfðu leitað sér upplýsinga um hjúkrunarnámið og starfið. Allir ræddu þeir við aðila sem höfðu reynslu af starfinu eða náminu, leituðu sér upplýsinga í gegnum netið og lásu bæklinga um námið. Átta þeirra leituðu til einstaklinga sem höfðu reynslu af hjúkrunarnámi og starfi. Þrátt fyrir að þeir hefðu kynnst inntaki starfsins í gegnum umönnunarstörfin leituðu þeir eftir persónulegum reynslusögum og virtust sumir taka frekar mark á þeim heldur en því sem þeir lásu í kynningarefni. Grétar sagði til að mynda:

*...[É]g hafði uppá bæði nemum í bæði hjúkrunarfræði og læknisfræði og spurði þá um svona þeirra sýn á bæði [hjúkrunarfræðináminu] og eins starfinu sem slíku þegar þau væru búin með nám. Bara svona til þess að sjá sko. Svo metur maður síðan líka út frá því hvernig karakter þetta fólk er og eins svona hvernig þeim fannst.*

Grétar telur að orð þeirra hjúkrunarfræðinga sem hann ræddi við hafi vegið þyngst þegar hann tók lokaafstöðu til þess hvort hann færi í hjúkrunarnámið.

Karlarnir í rannsókninni voru almennt á þeirri skoðun að þeir væru mun upplýstari um hjúkrunarnámið og starfið en margar kvennanna sem voru með þeim í klásus. Flestir þeirra töldu að drjúgur hluti kvennanna hafi sótt í hjúkrun vegna þess að það er talið hefðbundið kvennastarf. Lárus orðaði þetta á eftirfarandi máta:

*Ég er viss um að ef þú spyrðir megnið af þessum stelpum sem hafa kannski ekki unnið inni á deildum, sem eru [í] hjúkrunarfræði, [hvort] að þær vit[i] um hvað starfið snýst, þá held ég að það séu ansi marg[a]r sem fara inn í þessi störf með þessar stereótýpur í huganum sko.*

Þeir töldu sig sjálfa aftur á móti vera búna að kynna vinnuumhverfinu, sækja sér upplýsingar og kynna sér kosti og galla fagsins. Þeir töldu sig því mun upplýstari en þorri samnemenda sinna um hvað þeir væru að sækjast eftir.

### **Átakið**

Haustið 2001 fór breið fylking samstarfsaðila undir forystu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í tveggja ára átak til að kynna starf hjúkrunarfræðinga og efla ímynd þeirra. Það var lögð áhersla á að kynna störf hjúkrunarfræðinga á sem fjölbreyttastan máta. Kynningin fólst meðal annars í því að opnuð var heimasíða þar sem um 90 hjúkrunarfræðingar kynntu störf sín. Þá voru gefnar út 5 gerðir af póstkortum þar sem ímynd hinnar hefðbundnu hjúkrunar var ögrað (sjá Þórður Kristinnsson 2004). Póstkortunum var dreift í alla framhaldsskóla landsins auk þess sem námið var kynnt þar. Jafnframt voru birtar heilsíðuauglýsingar í dagblöðum, auglýsingar á strætisvagnaskýlum og kvikmyndahúsum. Auglýsingar voru lesnar í útvarpi þar sem texti kortanna kom fram og viðtöl við starfandi hjúkrunarfræðinga birtust bæði á öldum ljósvakans sem og í ýmsum skólablöðum.

Það einkenndi herferðina að karlar voru áberandi í viðtölum og kynningum í framhaldsskólum sem og á heimasíðunni. Myndefni póstkortanna átti ekki hvað síst að höfða til karla (ibid). Þetta var í samræmi við vilja Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Háskóla Íslands um að auka hlut karla í faginu.

Kynningarnefnd hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands kannaði ýmsa þætti sem höfðu áhrif á námsval nema á fyrsta ári hjúkrunarnámsins haustið 2002. Meðal þess sem spurt var um var hvort nemendurnir hefðu orðið varir við kortin, auglýsingarnar á strætisvagnaskýlunum, kynningarefnið í útvarpinu og svo framvegis. Nær allir sem voru að koma úr menntaskóla á stór-Reykjavíkursvæðinu höfðu tekið eftir auglýsingunum í strætisvagnaskýlunum og fannst miklum meirihluta þeirra efnið áhugavekjandi. Um þriðjungur stúdentanna höfðu tekið eftir póstkortunum og fannst flestum þau athyglisverð. Um helmingur stúdentanna hafði tekið eftir umfjöllun um hjúkrunarstarfið í dagblöðum og rúmlega helmingur hafði tekið eftir bæklingi hjúkrunarfræðideildar. Þó erfitt sé að meta árangur átaks eins og þessa er ljóst að í kjölfar þess var metaðsókn í

hjúkrun. Haustið 2003 sóttu 245 stúdentar um nám í hjúkrun og þar af 22 karlar (Erla Kolbrún Svavarsdóttir 2003). Hér verður farið nánar yfir það hvernig karlarnir sem ég ræddi við upplifðu hvern þátt átaksins.

### **Auglýsingarnar**

Sá hluti viðmælanda sem búa á stór-Reykjavíkursvæðinu rámaði í auglýsingarnar á strætisvagnaskýlunum en mundu ekki eftir póstkortunum. Sumir töldu að efnið gæti hafa haft einhver áhrif í undirmeðvitund þeirra en að það hefði ekki haft bein áhrif á að þeir fóru að íhuga nám í hjúkrun. Ægir hafði þegar tekið þá ákvörðun að skrá sig í hjúkrun þegar auglýsingaherferðin fór í gang en hann sagði að hún hefði ýtt undir þann áhuga sem fyrir var.

Almennt séð töldu þeir sig ekki hafa orðið fyrir beinum áhrifum frá auglýsingaherferðinni. Þrátt fyrir að þeir væru almennt jákvæðir gagnvart því hvernig auglýsingarnar brutu upp þá staðalmynd sem tengd er hjúkrun þá voru sumir þeirra ekki hrifnir af myndefninu. Töldu þeir auglýsingarnar gefa ranga mynd af hjúkrunarstarfinu og að þarna væri verið að höfða til karla sem ættu ekki erindi í námið. Sérstaklega fannst Jóni Frey þessar auglýsingar vera „ómerkilegar“ og „aum tilraun“ til að höfða til karla með „myndir af Sarajevó og einhverjar sprengjur“.

### **Kynningar í skólum**

Tveir viðmælanda nefndu að komið hefði verið með kynningar á hjúkrun í framhaldsskólann þar sem þeir stunduðu nám. Í báðum tilfellum voru þeir ekki enn farnir að íhuga að hjúkrun væri eitthvað sem þeir gætu lagt fyrir sig og þar sem ekki var um skyldumætingu á kynninguna að ræða mættu þeir ekki. Engu að síður voru þeir allir jákvæðir gagnvart kynningu af þessu tagi og fannst bráðnauðsynlegt að slá á fordóma gagnvart starfinu með kynningum sem þessum. Margir þeirra ítrekuðu þó að þeim fyndist að slík kynning þyrfti að vera í höndum bæði karla og kvenna og bættu við að helst ætti konan að vera á „óhefðbundnu“ sviði hjúkrunar til þess að brjóta upp staðalmyndina og nefndu þeir sem dæmi hjúkrun á vegum hjálparstarfs Rauða krossins á stríðshrjáðum svæðum og bráðahjúkrun.

Kolbeinn Sigurjónsson mundi ekki eftir kynningu á hjúkrun í menntaskólanum þar sem hann stundaði nám en hann mundi aftur á móti eftir því að kvenkyns samnemendur hans fengu kynningu á verkfræði. Hann mundi sérstaklega eftir því að þær fengu að yfirgefa kennslustundina á meðan karlarnir sátu eftir. Það að hafa kynskipta kynningu innan stundaskrár fannst Kolbeini vera nokkuð sem þyrfti einnig að hafa í boði þegar kæmi að því að kynna hjúkrun ef raunverulegur áhugi væri fyrir því að kynna hana sérstaklega körlum.

### **Kynningar á ljósvakamiðlunum, á prenti og á veraldarvefnum**

Enginn af viðmælendum mínum mundi eftir umfjöllun um námið eða starfið í útvarpi eða í dagblöðunum. Þrír viðmælenda höfðu skoðað heimasíðu átaksins og sérstaklega reynslusögur karlhjúkrunarfræðinga sem lýstu reynslu sinni af starfinu og náminu. Viðmælendum mínum hafði ekki verið bent sérstaklega á síðuna og tveir þeirra þriggja sem höfðu skoðað hana nefndu að þeir hefðu í raun rambað á hana fyrir rælni. Sá þriðji, Ægir, hafði tekið eftir því að á auglýsingaveggspjöldum var vísað á þetta veffang. Þessir þrír þátttakendur fundu á síðunni þær fyrirmyndir sem þeir tala um að þá hafi vantað sárlega.

Rétt er að áréttu að átakanu var ætlað að koma á framfæri röddum þar sem reynsla hjúkrunarfræðinga í starfi og námi kæmi fram. Þær raddir virðast þó ekki hafa náð nema að takmörkuðu leyti til eyrna þátttakenda rannsóknarinnar því þeir voru sammála um að þær hafi vantað.

### **Fyrirmyndir**

Eins og áður hefur komið fram eiga níu viðmælenda minna einhvern nákominn ættingja eða vin sem vinnur á sviði heilbrigðismála og oftast en ekki vinnur náskyldur ættingi sem hjúkrunarfræðingur. Viðmælendur mínir leituðu margir til þessara aðila og fengu innsýn í starfið. Það sem þeir leituðu helst upplýsinga um var hvaða starfsmöguleikar væru eftir námið, hvernig námið væri uppbyggt og önnur hagnýt atriði. Fjórir þátttakenda áttu einhvern karlkyns hjúkrunarfræðing nákominn sér og nefndu sérstaklega að þeim hafi þótt gott að leita til þeirra eftir upplýsingum. Þeir leituðu þó ekki sérstaklega til þeirra til

þess að fá upplýsingar um það hvernig væri að vera karl í faginu heldur spurðu almennt út í námið.

Þegar viðmælendurnir voru spurðir hvort þeir hefðu vitað um karla í hjúkrun, aðra en þessa fjóra, var Sigurður Harðarsson oft og iðulega nefndur (betur þekktur undir viðurnefninu Sigggi Pönk). Hann hefur verið nokkuð áberandi í íslensku samfélagi sem karlkyns hjúkrunarfræðingur og pönkari en þessi tvö hlutverk hafa oftar en ekki verið dregin upp sem skemmtilegar sérkennilegar andstæður í viðtölum við hann (sjá t.a.m. Bára Magnúsdóttir 2001:14-15). Einn viðmælenda minna, Héðinn, sagði að Sigurður hafi átt stóran þátt í því að hann ákvað að fara í hjúkrunarfræði. Hann hafði litið upp til Sigurðar vegna hugmyndafræðinnar sem hann hefur staðið fyrir og einnig fylgst með honum á tónlistarvettvangi. Héðinn leitaði til Sigurðar þegar hann fékk fyrst þá hugmynd að fara í hjúkrun og ákvað að láta slag standa þegar hann fékk jákvæð viðbrögð frá honum. Aðrir viðmælendur nefndu hann frekar sem áberandi einstakling sem hafði þó ekki nein teljandi áhrif á að þeir fóru í hjúkrun.

Aðrir karlar sem voru þáttakendum ákveðin fyrirmynd og virkuðu hvetjandi voru þeir karlar sem tóku þátt í að kynna námið á kynningardögum háskólanna. Þeir nefndu sérstaklega að þeim hafði þótt sniðugt að sjá karla í forsvari fyrir hjúkrun og að þeir hafi verið mjög liðlegir og hvetjandi. Sú uppgötvun ein að vita af og sjá karl-hjúkrunarfræðinga virðist því vera hvetjandi í sjálfu sér.

Af ummælum þátttakendanna má sjá að þótt átakið sem farið var í árið 2002 virðist ekki hafa skilað sér beint til þeirra eru þeir mjög jákvæðir gagnvart því að ráðist verði í annað slíkt átak. Hjá þeim varð hjúkrun ekki að valkosti sem framtíðarstarf fyrr en þeir höfðu kynnst í hverju starfið felst og þeir höfðu prófað á eigin skinni hvernig umönnunarstörf geta hentað körlum ekki síður en konum. Þeir tóku upplýstar ákvarðanir og að þeirra mati upplýstari en margra kvenkyns samnemenda sinna. Þeir öfluðu sér upplýsinga með skipulögðum hætti á mörgum stöðum og fannst gott að geta leitað í reynslubrunn fólks af starfinu og náminu augliti til auglits. Þeir leituðu í karlkyns fyrirmyndir í starfinu án þess þó að vera með ákveðnar hugmyndir um að það væri öðruvísi upplifun fyrir karla en konur að leggja stund á hjúkrun.

## ***Hindranir fyrir því að halda náminu til streitu***

Þeir þrír þátttakendur sem eru enn í námi eiga það sameiginlegt að hafa komist í gegnum klásus í fyrstu atrennu. Hinir sjö viðmælendurnir flosnuðu upp úr hjúkrunarnámi. Hér verður farið yfir þær ástæður sem þeim finnst liggja að baki því að þeir héldu ekki áfram í náminu. Þá verður litið á upplifun þeirra af því að vera karlar í hópi kvenna í hjúkrunarnámi. Einnig verður farið yfir þau atriði sem þeim finnast betur megi fara hvað varðar uppbyggingu og kennslu í klásus hjúkrunarfræðinnar.

## ***Fordómar gagnvart starfinu***

Viðmælendur mínir hafa allir reynslu af fordómum gagnvart hjúkrunarstarfinu en þeir eru ekki á sama máli um hversu mikil áhrif það hefur haft á gengi þeirra í náminu. Þeir tala öllu jafnan um að fordómarnir séu „saklaust grín“ og að fólk „meinar ekki neitt með þeim“ og að þeir birtast sem undrun á því að „eðlilegur“ karlmaður vilji leggja fyrir sig hjúkrunarfræði. „Saklausa grínið“ tengist því að karlar í hjúkrun hljóti að vera kvenlegri en karlar almennt og þá er ýjað að samkynhneigð sem hluta af þessu „saklausa gríni“. Sem dæmi sagði Kolbeinn, sem var annar þeirra sem hætti áður en kennslan byrjaði, að hann hefði verið í fjölskylduboði þegar frændi hans, sem jafnframt er læknir, spurði hann hvað hann væri að gera í lífinu. Þegar Kolbeinn svaraði að hann væri í hjúkrun spurði frændinn „...hvort ég ætlaði ekki bara að skrá mig í samtökin ‘78 í leiðinni“. Flestir viðmælenda minna segja sögur eins og þessar en telja að þær hafi ekki afgerandi áhrif á hvort þeir völdu að halda áfram eða ekki í náminu.

Auk athugasemda um mögulega samkynhneigð vegna vals á námi hafa allir viðmælendur mínir verið spurðir að því hvers vegna þeir fóru ekki frekar í læknisfræðinámi. Þeir eru það vanir slíkum athugasemdum að flestir eru með tilbúið svar á takteinum þar sem helstu atriðin sem aðgreina læknisfræði og hjúkrunarfræði eru útlistuð. Þeir telja að margar af kvenkyns samnemendum sínum lendi einnig í þessu en eru nokkuð vissir um að þeir lendi oftast en þær í þessháttar aðstæðum.

Kolbeinn, Grétar, Helgi og Þrándur, þeir fjórir sem hættu snemma í ferlinu, nefndu allir að fyrri bragði að þeirra eigin fordómar gagnvart starfinu gætu hafa haft áhrif á það að þeir sáu ekki fram á að þetta nám hentaði þeim. Þessa fordóma gátu þeir þó ekki



orðað heldur birtust í óljósum hugmyndum um að þeir væru aldir upp í umhverfi þar sem hjúkrun væri talið kvennastarf og þar af leiðandi óhæft fyrir karlmenn. Þeir vörpuðu þannig ákvarðanatöku sinni um að hætta við hjúkrunarnám yfir á samfélagið án þess að benda fingur á einn eða neinn þátt frammar öðrum.

### ***Einn í hópi kvenna***

Karlarnir hafa sumir orð á því að þeim hafi brugðið þegar þeir mættu í fyrstu kennslustundina og verið umkringdir konum. Sumir tala um að kynjahlutfallið hafi verið mun ýktara en þeir gerðu sér í hugarlund. Sú staða að vera einn af mjög fáum körlum í stórum hópi kvenna skipar þeim bæði á ákveðinn stall en einnig í jaðarhóp. Þeir bregðast við þessari stöðu á mismunandi máta og gera mismikið úr henni.

Hluti þátttakenda fann sér félagi í kvannahópnum á meðan aðrir mæltu varla orð við bekkjarfélagi sína. Þeir töldu flestir að fyrsta misserið gæfist lítill tími til að kynnað samnemendum sínum, heldur gerðist það frekar þegar hópurinn yrði minni og fólk sér fram á að verða í hópi saman í einhver ári. Þeir benda einnig á að kennsluumhverfið, Kringlan sérstaklega og Háskólabíó, hvetji ekki beinlínis til samskipta á milli nemenda.

Misjafnt var hvort þeir þekktu einhvern sem var að hefja nám á sama tíma en fyrir utan tvo þeirra þekktu þeir allir í það minnsta eina konu sem þeir voru málkunnugir fyrir námið. Flestir karlarnir sem héldu áfram námi nýttu sér þennan kunningskap til að eiga þarna skólafélaga. Karlarnir höfðu aftur á móti lítil sem engin samskipti sín á milli. Það var helst að þeir höfðu rætt saman fyrir framan kennslustofur á meðan beðið var eftir að hleypt væri inn í prófin.

Þegar talið berst að því hvernig þeim gekk að spjalla við kvenkyns samnemendur sína segja þeir að samræðurnar hafi að mestu snúist um námið. Þeir minnst á að það hafi myndast einhverskonar „kvennakúltúr“ í frímínútum og að fyrir utan umræður sem tengdust náminu hafi þeir stundum verið úti á þekju þegar umræðuefnin reyndust vera of fjarlæg eigin reynsluheimi.<sup>8</sup>

---

<sup>8</sup> Það sem þátttakendur flokkuðu undir umfjöllunarefni tengd „kvennakúltúr“ var misjafnt en það sem oftast var bent á var; verslunarferðir, sjónvarpsefni sem á sérstaklega að höfða til kvenna, umræður um sambandsmál og svo að einhverju leyti barnaupplæði.

Karlarnir eru allir nema einn á þeirri skoðun að þeir læri betur einir og því ekki leitað eftir félagi til þess að læra með. Jafnvel afþakkaði Páll boð um að taka þátt í lærdómshóp fyrsta árið. Nú þegar hann er kominn lengra í náminu er hann kominn í lærdómshóp og lætur vel af.

Þeir karlar sem eru enn í náminu segjast almennt hafa tengst hópnum mun betur þegar á leið í náminu. Ægir segir frá því hvernig hann var tekinn inn í hópinn:

*Það var svona soldið verið að spurja og af hverju maður fór í þetta og svo verður maður bara svona einn af hópnum. Það hætta allir að spá í þessu.*

Ægir virðist hafa átt hvað best með að falla í hópinn og gerir minna úr þeirri athygli sem hinir viðmælendur mínir tala um að þeir njóti vegna kynferðis síns.

### **Jákvæð og neikvæð athygli**

Athyglin sem karlarnir fá frá samnemendum sínum og kennurum getur verið tvíþent. Þrátt fyrir að karlarnir kvarti flestir yfir því að vera gerðir „ósýnilegir“ í hópnum þegar kennarar ávarpa hópinn „góðan daginn stelpur“ þá þykir þeim einnig óþægilegt þegar athyglinni er beint sérstaklega mikið að þeim. Grétar, Kári og Pétur kvörtuðu þannig undan því að kennarar kæmu með athugasemdir um að þeim þætti „gaman að sjá stráka í hjúkrun“ þegar þeir sæju þá í salnum þótti þeim þeir fá óþarflega mikla athygli á kostnað samnemenda sinna sem þeim fannst einnig óþægilegt.

Kári lýsti því hvernig hann skar sig úr í tímum og að allir væru með á hreinu hver hann væri vegna þess að hann væri einn af örfáum körlum í bekknum. Þegar hann spurði kennarana spurninga þá fann hann fyrir öðru viðmóti bæði frá samnemendum og kennurum en þegar kvenkyns samnemendur hans spurðu. Viðhorfin gagnvart honum voru ekki neikvæð heldur einmitt í þá átt að hann fékk mun betri þögn en aðrir og allir virtust hlusta á það sem hann hafði að segja. Kennarinn veitti honum einnig meiri athygli sem spyrli en konunum. Þetta fannst honum óþægilegt og hann fann að hann forðaðist að bera upp spurningar.

Heimsókn vaxtaræktarkappa í líffærafræðitíma var Kára einnig hugleikin þar sem honum fannst hún óþægileg áminning um kynferði sitt. Hann lýsir heimsókninni svona:

*[A]llir áttu að borga eitthvað 100 kall, 150 kall eða eitthvað svoleiðis og það gekk bara baukur. Það var eitthvað verið að djóka með það hvort að ég ætti að borga. Mér fannst það svolítið skrítið. [...]. Og þarna síðan var hann já í svona lítilli sundskýlu, svona speedo eitthvað og var eitthvað að hnykkla vöðvana og þarna og já gerði lítið úr stelpunum þarna og kvenkyni yfir höfuð og það var mikið hlegið sko.*

Hann velti því fyrir sér hvort sama aðferð hefði verið farin ef kynjahlutfallið hefði verið öfugt, hvort kona hefði verið fengin til að sýna líkama sinn fyrir framan sal fullan af körlum og örfáum konum.

Karlarnir fengu líka að finna fyrir því að þeir urðu nokkurs konar staðgenglar og málsvarar alls karlkyns í líffærafræðitímum. Þar skoðuðu nemendur gjarnan líkamsbyggingu hvers annars, nokkuð sem sumum körlunum fannst óþægilegt. Kvenkyns samnemendur þeirra áttu það til að ganga út frá því að þeir sem karlar hlytu að vera betur til þess fallnir til að sýna virkni vöðva sökum gefinna tengsla karlmennsku og vöðvastyrks.

Þrátt fyrir að kvenkyns samnemendur viðmælendanna eigi það til að eigna þeim ákveðin hlutverk sökum kynferðis síns tala þeir um að þeim sé yfirleitt mjög vel tekið af samnemendum sínum. Þó kemur fyrir að þeir standa frammi fyrir ranghugmyndum um stöðu þeirra sem karla í hópnum sem þeim finnst truflandi. Jón Freyr segir til að mynda frá þeim viðbrögðum sem hann fékk þegar hann tjáði sig um að hann væri óöruggur fyrir klásusprófin:

*... [Þ]arna sögðu allar við mig sko „en þú ert strákur, þú kemst inn, þú kemst inn af því að þú ert strákur“ og ég sagði „nei það er klásus hérna ég fer í gegnum sama ferli og þið“. Það var bara meinið það var alltaf verið að halda þessu fram. Það var dálítið pirrandi sko. Það var smá öfund af því að þær héldu einhvernveginn að maður kæmist [í gegnum klásus] en ég þurfti bara að lesa eins og hinir. Og svo komst ég ekkert inn þannig að ég afsannaði það fyrir þeim.*

Þarna virðast samnemendur hafa gengið út frá því að hann nyti sérstakrar hylli prófdómara einungis vegna kyn síns og/eða vegna minnihlutastöðu sinnar innan hópsins.

## **Klásus**

Hjúkrunarnámið við Háskóla Íslands er frábrugðin í aðstæðum frá samanburðarrannsóknunum sem hér er stuðst við að hér er að loknu fyrsta misseris samkeppnispróf, þar sem 75 nemendur komast áfram. Þessi klásus sem þarf að takast á við bætist ofan á þær hindranir sem vefjast fyrir körlum sem ætla sér í hjúkrun í öðrum löndum. Héðinn, Jón Freyr og Lárus, þeir þrír viðmælenda minna sem tóku prófin en komust ekki í gegn, voru hvað óánægðastir með áherslunar í náminu og með klásusinn í heild.

Klásusinn sem hefur verið við lýði frá 2003 og samanstendur af fjórum námsgreinum; líffærafræði, lífefnafræði, félagsfræði og sálarfræði. Árið 2002 var ekki um sömu námsgreinar að ræða þar sem inngangur að hjúkrunarfræði I og heimspekileg forspjallsvísindi voru kennd en ekki sálarfræðin. Viðmælendum mínum fundust yfirleitt þessi fög sem nouð voru til viðmiðunar um hvort þeir væru hæfir til þess að fara áfram í náminu vera frekar slæmur mælikvarði á hvort þeir yrðu góðir hjúkrunarfræðingar. Það var þó æði misjafnt hvað þeim fundust vera mikilvægir áfangar og að einhverju leyti má útskýra það með bakgrunni þeirra sjálfra í umönnunarstörfum og hvað þeir höfðu hugsað sér að gera í framhaldi námsins. Þannig voru þeir sem höfðu bakgrunn í vinnu á geðsviði hrifnari af sálarfræði og settu mun meira út á lífefnafræðina og líffærafræðina. Þeir sem stefndu á störf á sviðum eins og bráðahjúkrun töldu aftur á móti líffærafræðina hvað mikilvægasta og gagnrýndu mun frekar sálarfræðina. Þeir voru allir á því máli að þeir væru sérlega vel fallnir til hjúkrunar og hafa allir hug á að fara aftur í hjúkrunarnámið en láta klásusinn aftra sér.

Þrátt fyrir mismunandi áherslur á hvaða áfangar þeim finnast vera mikilvægir þá koma oft upp sömu gagnrýnisraddir hvað varðar galla í kennslu á þeim. Karlarnir minntust sérstaklega á að í líffærafræðinni hafi vantað uppá aðgang að einhverskonar gínu eða módeli þar sem hægt væri að skoða nánar hvernig líffæri, sínar og bein liggja og tengjast. Í kennslunni var áherslan á myndefni sem þeim fannst lítið gagnast.

Lífefnafræðikennslan var helst gagnrýnd fyrir að vera öll kennd í fyrirlestrum og dæmatímum en engu verklegu. Þá bentu þrír viðmælenda á að það væri ekki prófað úr námsefni dæmatímanna.

Sálarfræðikennslan fékk lof fyrir þá reynslu sem kennarar deildu með nemendum í tímum og viðmælendum mínum þótti mikill kostur að kennararnir væru starfandi á geðdeildum. Gagnrýni á þetta námskeið var aðallega í formi þess að sumir viðmælendanna fannst það vera léttvægt og að þeir náðu ekki tengslunum við það hjúkrunarsvið sem þeir ætluðu sér að sérhæfa sig í.

Félagsfræðikennslan var helst gagnrýnd fyrir að vera of almenn og það að einungis hluti hennar væri sýnilega tengdur hjúkrunarfræði. Sumir viðmælenda minna réttlættu þá áherslu sjálfir og bentu á að það væri nauðsynlegt að fá grunninn áður en hægt væri að fara í sértækari þætti. Félagfræðikennarinn fékk sérstaklega mikið lof fyrir að vera eini kennarinn sem hafði ekki 100% krossapróf í lok námskeiðsins. Í áfanganum var boðið upp á tvö hlutapróf sem viðmælendum mínum fannst mjög gagnleg til þess að vita hvar þeir stæðu og hvort þeir þyrftu að breyta áherslum sínum í lestri. Ekki voru þó allir sáttir við áherslunar á hlutaprófunum og töluðu um áherslur á smáatriði og „gildru spurningar“ þar sem skilningur á íslensku máli virtist gagnast betur en þekking á efninu. Þá var lokaprófunum í námskeiðinu hælt fyrir að hafa ekki einungis krossa heldur einnig ritgerðarspurningar.

Þessi gagnrýni á áfangana var útskýrð og réttlætt af sumum viðmælenda minna sem bentu á að svona yrði að fara að þessu þar sem það væri ekki annað hægt í klásus. Nemendurnir væru of margir og það væri óþarfa fyrirhöfn að leggja of mikla vinnu í hóp af nemendum þegar einungis 75 þeirra kæmust áfram á annað misseri. Það var þessi útgangspunktur sem réði umræðunni hjá nokkrum sem voru á móti því að stuðst væri við klásus. Þá var bent á nokkur önnur atriði sem þeim fannst varhugavert við klásus fyrirkomulagið, t.d. voru viðmælendur mínir efins um að sú þekking sem klásus prófin mæla sýndi fram á gæði þeirra sem verðandi hjúkrunarfræðinga. Viðmælendur mínir sem fallið höfðu á klásus sem og þeir sem höfðu hætt áður en kom til prófa voru duglegir við að benda á að prófin hentuðu þeim sem væru „góðir í bókinni“ en höfðu ef til vill enga reynslu eða raunverulega löngun til þess að stunda hjúkrun.

Jón Freyr, Pétur, Ægir og Kolbeinn komu með uppástungur um að hjúkrun gæti tekið upp svipað fyrirkomulag og er í félagsráðgjafar- og kennsluréttindanámi við Háskóla Íslands. Þar skila umsækjendur inn ferilskrá, meðmælum og stuttri ritgerð um hversvegna þeir vilja leggja fyrir sig þetta nám. Nemendur eru síðan metnir út frá starfsreynslu, meðmælum, einkunnum og áhuga. Félags- og kennsluréttindanám gerir reyndar kröfu um að umsækjendur hafi í það minnsta eina háskólagráðu á bakinu á meðan hjúkrunarfræðinám krefst stúdentsprófs. Þessum viðmælendum fannst engu að síður hugmyndin að baki þessu fyrirkomulagi eitthvað sem hjúkrunarfræðideildin ætti að íhuga.

Í máli Kolbeins, Grétars, Helga og Þrándar kom fram að þeir fundu fyrir áhuga á náminu og hjúkrunarstarfinu en að sá áhugi hafi ekki verið nægjanlega sterkur. Þeir telja áhugann ekki réttlæta að leggja það á sig að fara í klásusinn og eyða tíma og fyrirhöfn í nám þar sem þeir myndu síðan hugsanlega ekki uppskera. Þrándur orðar hug þeirra vel þegar hann segir:

*[M]ér fannst ef ég væri að fara í þetta þá ætti ég að fara í þetta með svona fullum hug, [...] fyrsta árið er [...] mikil samkeppni og fólk er að berjast um að komast inn. Og ef að ég var ekki alveg 100% þá fannst mér ég ekki alveg eiga heima þarna.*

Það er ekki eins og að þeir eyði ekki tíma og fyrirhöfn í að læra í öðrum námsgreinum en þeim finnst þeir vera að leggja sérstaklega mikið undir með heilu misseri í hjúkrun. Til að mynda fannst Kolbeini þetta mun meiri fórnarkostnaður heldur en það að læra undir og mæta í inntökupróf í læknisfræði. Viðmælendur benda á ótrausta fjárfestingu tíma og fyrirhafnar sé nokkuð sem aftrar þeim frá því að halda náminu áfram.

## Umræða

Í þessum hluta verða niðurstöðurnar úr rannsókninni teknar til nánari skoðunar og litið á möguleg úrræði sem gætu hvatt til þess að körlum fjölgaði í hjúkrunarnáminu. Fyrst verður skoðað hvernig auka mætti ásókn karla í hjúkrun en þar ber helst að nefna nýtt kynningarátak sem beinst gæti sérstaklega að körlum. Enn fremur hvernig samvinna við Atvinnumiðstöð stúdenta og aðrar sambærilegar atvinnumiðlanir er nauðsynleg. Síðan verður litið á þá þætti sem gætu haft áhrif á aukinn hlut karla yfir á annað misseri hjúkrunarnámsins, þ.e. ýmis atriði sem snúa að uppsetningu og framsetningu klásus. Að lokum verður þörf á umræðum við deildina um áhrif kynjabreytunnar viðruð og hvernig hægt er að gera karlkyns hjúkrunarfræðinga sýnilegri sem fyrirmyndir karlkyns hjúkrunarfræðinema.

### ***Nýtt átak sem beint verði að körlum***

Þáttakendur rannsóknarinnar voru á einu máli um að átakið sem í var farið árin 2001 til 2002 hafi ekki haft nein teljandi áhrif á þá sjálfa. Þeir eru þó jákvæðir gagnvart slíku átaki en með ákveðnum breytingum. Til að mynda þá væri hægt að sjá til þess að átakið beindist sérstaklega að körlum eða eingöngu að körlum. Svo virðist sem í fyrra átakinu hafi megináherslan verið á að auka almenna ásókn í hjúkrunarfræðinám og að þeir tilburðir sem farið var í til að auka ásókn karla hafi ef til vill ekki skilað sér sem skyldi. Eins og fram kom í gagnrýni Jóns Freys þá geta áherslur á hvernig starfið geti höfðað til hefðbundinna karlmenskugmynda virkað öfugt á þá sem hafa áhuga á umönnunarstörfum og vilja jafnvel aftengja sig því sem þeir telja neikvæða karlmennsku.

Rétt er að fram komi að viðmælendur þessarar rannsóknar fóru ekki á kynningarheimsóknir átaksins í framhaldsskóla. Þeir voru ýmist ekki í skóla þegar heimsóknirnar áttu sér stað eða mættu ekki vegna þess að ekki var skyldumæting á kynningarnar. Það má ímynda sér að betur hefði tekist til ef staðið hefði verið að þeim á þann máta sem Kolbeinn lýsti framkvæmd á kynningum verkfræði fyrir kvenkyns

sammemendur hans í menntaskóla. Þar var kynningunni beint eingöngu að konum og var kynningunni haldið innan stundatöflu þannig að um skyldumætingu var að ræða.

### ***Karlar í umönnunarsumarstörf***

Það er athyglisvert að allir þáttakendurnir í rannsókninni hafa reynslu af umönnunarstörfum. Sú reynsla slær á fordóma þeirra gagnvart hjúkrun og þeir finna sig í starfinu. Hugsanlega gætu Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands farið í samvinnu við Atvinnumiðstöð stúdenta og aðrar álíka vinnumiðlanir þar sem lögð er áhersla á að reyna að fá karla til að sækja um umönnunarstörf þegar kemur að því að finna sér sumarstarf. Einnig gæti verið áhugavert að skoða hvaða áherslur námsráðgjafar Háskóla Íslands hafa í þessum efnum.

### ***Áherslubreytingar innan hjúkrunarfræðideildar***

Klásusinn er þyrnir í augum viðmælendanna og sumir þeirra telja hann óásættanlega áhættu. Fjöldatakmarkanir eru nauðsynlegur hjúkrunarfræðinni því það þarf auknar fjárveitingar til þess að hafa fleiri nemendur í námi en þá sem komast í gegnum klásusinn. Án efa er þó hægt að fara aðrar leiðir en farnar eru nú. Viðmælendur mínir minnst á hvernig aðrar deildir hafa tekið inn nemendur með því að íhuga marga þætti auk námsárangurs. Sú leið væri möguleg en einnig er vert að íhuga þá leið sem læknisfræðin hefur farið en þar er gerð krafa um inntökupróf. Með inntökuprófi er ekki hægt að tala um sömu fórn og felst í klásus hjúkrunarfræðideildarinnar eins og hann er núna þar sem heilt misseri er lagt undir og alls óvíst hvort nemandinn kemst áfram.

Klásusfögin sættu enn fremur gagnrýni sem gefur til kynna að ef til vill megi endurskoða áherslurnar þar, s.s. val námskeiða og fyrirkomulag námsmats. Viðmælendur mínir gagnrýna bæði áherslunar í námsgreinum og prófum klásusins og telja þær ekki gefa til kynna hvort þeir séu efni í góða hjúkrunarfræðinga.



## ***Umræða um samskipti kynjanna innan hjúkrunarfræðideildar***

Í ljósi þess sem þátttakendur rannsóknarinnar hafa sagt virðist mikil þörf á umræðu og fræðslu innan hjúkrunarfræðideildar um mismunandi upplifun karla og kvenna af hjúkrunarnáminu og um viðeigandi framkomu kennara og nemenda. Villeneuve (1994:221) hefur bent á að hjúkrunarkennsla miði gjarnan að því að konur séu þar einungis við nám og því finnist körlum þeir oft utanveltu. Það er ekki námsefnið eða inntak fyrirlestranna sem slíkra sem viðmælendur mínir gera athugasemdir við heldur hvernig gengið sé út frá því að nemendahópurinn sé einungis samsettur af konum. Eitt alvarlegasta dæmið um hversu sjálfgefið það þykir að nemendurnir séu konur er kroppasýning vaxtarrætarkappans. Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að gera sér í hugarlund hvernig væri tekið á málunum í þessum aðstæðum ef kynhlutverkum væri hér viðsnúið.

Það skiptir máli hvernig nærveru karla er tekið í hjúkrunarfræði. Það er algengt að karlkyns nemendum sé úthlutað hlutverkum sem talsmenn allra karla og að þeir séu settir í störf sem eru frekar tengd karlmönnum (sjá einnig Cyr 1992:55 og Þórður Kristinsson 2003:73). Þannig virðast viðmót og framkoma vera mismunandi gagnvart nemendum eftir kyni. Bent hefur verið á að karlkyns nemendur njóti meiri virðingar og athygli en kvenkyns nemendur og upplifun Kára á athyglinni sem spurningar hans í tíma vöktu staðfesta hvernig sama hegðun er metin og túlkuð á mismunandi hátt eftir því hvort nemandinn er karl eða kona (sjá einnig Rósu Erlingsdóttur 2001).

## ***Fyrirmyndir karla í hjúkrunarnámi***

Af ummælum viðmælenda minna er ljóst að þeim finnst hvetjandi að sjá að það eru karlar í hjúkrun. Þeir sem hafa farið á kynningar á náminu þar sem karlar hafa verið í forsvari tala um að það hafi verið jákvæð reynsla. Það má velta því fyrir sér hvort ekki megi virkja karla sem eru á síðari árum hjúkrunarnáms og/eða starfandi hjúkrunarfræðingar til þess að stofna einhverskonar félagsskap þar sem þeir geta verið ákveðið haldreipi fyrir nýnemana. Einnig er vert að skoða hvort hægt sé að fá einn karlkyns hjúkrunarfræðing til

Þess að kenna eða halda fyrirlestur á fyrsta misseri hjúkrunarfræðinámsins þannig að nýnemarnir sjái fljótlega að það eru í raun og veru karlar í stéttinni.

## Lokaorð

Hér hefur verið reifuð upplifun karla af hjúkrunarnámi við Háskóla Íslands í kjölfar átaksins sem skólinn tók þátt í árin 2001 til 2002. Margt áhugavert hefur komið fram og í raun kallar þessi rannsókn á aðra rannsókn það er hvort að kvenkyns nemendur upplifi það að fara í hjúkrunarfræðinám á sama máta og karlarnir í þessari rannsókn hafa lýst því. Það væri til að mynda áhugavert að sjá hvort þær verða varar við fordóma að sama skapi og karlarnir. Einnig væri áhugavert að fá svör við spurningum á borð við: Velja þær hjúkrun út frá sömu forsendum og karlarnir? Telja þær klásusinn einnig vera of mikinn fórnarkostnað? Finnst þeim klásusinn byggðan upp með rangar áherslur líkt og karlarnir? Þessar og fjölmargar aðrar spurningar vakna við útkomu rannsóknarinnar.

Tillögur skýrsluhöfundar er eftirfarandi:

- Ráðist verði í nýtt átak sem beinist einungöngu að körlum.
- Komið verði á samstarfi við Atvinnumiðlun stúdenta og álíka stofnanir þar sem karlar verði sérstaklega hvattir til að vinna umönnunarstörf.
- Námsráðgjafar við Háskóla Íslands verði fengnir til samstarfs og/eða fræddir um hvernig þeir geta komið að því að auka hlut karla í hjúkrun.
- Komið verði á umræðu um jafnréttismál og stöðu karla sem minnihlutahóps í hjúkrun innan hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.
- Reyndari karlkyns hjúkrunarfræðinemar og starfandi karlkyns hjúkrunarfræðingar verði virkjaðir í e.k. stuðningshóp fyrir karla sem eru að hefja nám í hjúkrun og til kennslu strax á fyrsta misseri.
- Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands endurskoði klásus fyrirkomulag.

Virðingarfyllst

---

Þórður Kristinsson

## Heimildaskrá

- Armstrong, Thomas (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. JPV útgáfa. Reykjavík.
- Barkley, T.W. Jr. og Kohler, P.A. (1992). „Is Nursing's Image a Deterrent to Recruiting Men Into the Profession? Male High School Students Respond“. Í *Nursing Forum*. 27. árg. 2. tbl. Bls. 9-14.
- Bourdieu, Pierre (2001). *Masculine Domination*. Polity Press. Cambridge.
- Brady, Marilyn S. og Sherrod, Dennis R (2003) „Retaining Men in Nursing Programs Designed for Women“. Í *Journal of Nursing Education*. 42. árg. 4. tbl. Bls 129-133.
- Connell, Robert W. (1995). *Masculinities*. Polity Press. Cambridge, London.
- Creswell, J.W. (2003). *Research Design: Qualitative, Quantitative, and Mixed Methods Approaches* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- Domrose, Cathryn (2003). „Men at Work“. Í *Nurseweek*.  
[http://www.nurseweek.com/news/features/03-08/manenough\\_print.html](http://www.nurseweek.com/news/features/03-08/manenough_print.html)
- Dunn, R., & Griggs, S.A. (Ritsj.). (1998a). *Learning styles and the nursing profession*. New York: National League for Nursing Press.
- Dunn, R., & Griggs, S.A. (1998b). *Multiculturalism and learning style*. Westport, CT: Praeger.
- Erla Kolbrún Svavarsdóttir (8.10.2003). „Fleiri karlmenn í hjúkrun“. Í *Fréttablaðið*.
- European Commission (2000). *Science policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality: A Report from the ETAN Expert Working Group on Women and Science*. Office for official publications of the European Communities. Luxemborg.  
[ftp://ftp.cordis.lu/pub/improving/docs/g\\_wo\\_etan\\_en\\_200101.pdf](ftp://ftp.cordis.lu/pub/improving/docs/g_wo_etan_en_200101.pdf)
- Gardner, Howard (1999). *Intelligence Reframed: Multiple Intelligences for the 21st Century*. Basic. New York.
- Háskóli Íslands [20.03.2005a].  
[http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir\\_jan05.htm](http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir_jan05.htm) (Tölur 20. janúar 2005)

Háskóli Íslands [20.03.2005b].

[http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir\\_82\\_89.htm](http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir_82_89.htm) (*Tölur 1981-89*)

Háskóli Íslands [20.03.2005c].

[http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir\\_fra\\_1990.htm](http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir_fra_1990.htm) (*Tölur 1990-2002*)

Háskóli Íslands [20.03.2005d]. <http://www2.hi.is/page/hvatningaratakjafn> (*Umfiöllun um átaksverkefni til að auka hlut kvenna í verk- og tölvunarfræðum.*)

Herdís Sveinsdóttir (2003). „Veistu eitthvað um hjúkrun?“ *Curator: Tímarit hjúkrunarfræðinema við Háskóla Íslands*. 26.árg. 1.tbl. 4.árs namar við hjúkrunarfræðnám við Háskóla Íslands, Reykjavík. Bls. 10-11

Iliffe, Jill (2002). „Time to Adress Nursing’s Gender Imbalance.“ Í *Australian Nursing Journal*. 9. árg. 11. tbl. Bls 1.

Joyce, R. (1999). „Drug and alcohol education.“ Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion*. Chichester: Wiley. Bls. 196-203.

Kelly, N.R., Shoemaker, M., og Steele, T. (1996). „The experience of being a male nurse“. Í *Journal of Nursing Education*. 35 árg. ?tbl. , Bls. 170-174.

Kippenbrock, T. (1990). „School of nursing variables related to male student college choice“. Í *Journal of Nursing Education*. 29. árg. Bls. 118-121.

McCamley-Finney, A. og McFadden, M. (1999). „Qualitative studies in health promotion“. Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion*. Chichester: Wiley. Bls. 353-373.

Okraíneec, G. D. (1994). „Perceptions of nursing education held by male nursing students“. Í *Western Journal of Nursing Research*. 16. árg. Bls. 94-107.

O’Lynn, Chad Ellis (2004). „Gender-Based Barriers for Male Students in Nursing Education Programs: Prevalence and Perceived Importance“. Í *Journal of Nursing Education*. 43. árg. 5. tbl. Bls 229-237.

Paterson, B.L., Tschikota, S., Crawford, M., Saydak, M., Venkatesh, P., & Aronowitz, T. (1996). „Learning to care: Gender issues for male nursing students“. Í *Canadian Journal of Nursing Research*. 28.árg 1.tbl. Bls. 25-39

- Posavac, E.J. og Carey, R. G. (1997). Program evaluation: Methods and case studies (5. útgáfa). Upper Saddle River: Prentice Hall.
- Rósa Erlingsdóttir (2001). „Hver ræður í kennslustofunni?“ Í *Fréttabréf Háskóla Íslands*. Háskóli Íslands. 23. árg 1. tbl. bls: 17.  
<http://www.hi.is/page/kennslustofajafn>
- Schiebinger, Londa (1999). *Has Feminism Changed Science?* Harvard University Press. Cambridge.
- Steinunn Sigurðardóttir, Aðalbjörg Finnbogadóttir, Ásta Möller, Erna Einarsdóttir, Eygló Ingadóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir og Þóra Áskadóttir (1999). *Mannekla í hjúkrun*. Skýrsla nefndar á vegum stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og deildar hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsa innan félagsins. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Reykjavík.
- Streubert, H.J. (1994). „Male nursing students: Perceptions of clinical experience“. Í *Nurse Educator*. 19. árg. 5.tbl. Bls. 29-32
- Taylor, Steven og Robert Bogdan (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource*. (3.útgáfa) John Wiley & Sons, inc. New York.
- Villeneuve, M.J. (1994). „Recruiting and retaining men in nursing: A review of the literature“. Í *Journal of Professional Nursing*. 10. árg. Bls. 217-228.
- Webb, D. (1999). „Current approaches to gathering evidence“. Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion*. Chichester: Wiley. Bls. 34-46.
- WENR (2001). *Workgroup of European Nurse Researchers Country Report*  
[http://www.wenr.org/view\\_categories.php?nCatId=34](http://www.wenr.org/view_categories.php?nCatId=34) skoðuð 04.05.2003.
- Wolcott, Harry F. (2001). *Writing Up Qualitative Research*. (2.útg.). Sage Publications. London.
- Þórður Kristinsson (2003). *Kynlegir Kvistir: Karlar í hjúkrun*. [Námsritgerð til meistaraþrófs í mannfræði.] Háskóli Íslands. Reykjavík.
- Þórður Kristinsson (2004). *Fields of Masculinity: Icelandic men in nursing*[Fyrirlestur á samnorræna þinginu „Kvinnor och män på den nordiska arbetsmarknaden“ á Grand Hótel 11. nóvember 2004.], Jafnréttisstofa  
[http://jafnretti.is/gogn/radstefnur/norraenn\\_vinumarkadur/thordur.pdf](http://jafnretti.is/gogn/radstefnur/norraenn_vinumarkadur/thordur.pdf).

Pórður Kristinsson og Jörundur Guðmundsson (ritstj.) (2004). *Kennsluskra háskólaárið 2004-2005*. Háskólaútgáfan. Reykjavík.